

Titill áfanga: Íslenskar kvikmyndir

Nafn áfanga: ÍSLE3CK05

Námsgrein: Íslenska

Viðfangsefni: Íslenskar kvikmyndir

Prep: 3

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: ÍSLE2BB05 eða ÍSLE2AB10

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum eru íslenskar kvikmyndir af ýmsu tagi til umfjöllunar. Áhersla verður lögð á myndir síðastliðinna tveggja til þriggja áratuga. Ólíkar gerðir kvikmynda verða til umfjöllunar, sem dæmi má nefna heimildamyndir, gamanmyndir, spennamyndir og dramatískar myndir. Reynt verður að svara spurningum eins og: Hvað gerir góða kvikmynd góða? Til hverra höfðar kvikmynd og hvers vegna? Myndlæsi nemenda verður þjálfað með markvissum hætti og þeir hvattir til að beita gagnrýnni hugsun.

Forkröfur: ÍSLE2BB05 eða ÍSLE2AB10

Þekkingarviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu kvikmyndum í íslenskri kvikmyndasögu, íslenskum kvikmyndaleikstjórum og einkennum þeirra og geta greint á milli ólíkra gerða kvikmynda.
- byggingu kvikmynda og ýmsum öðrum greiningarþáttum, eins og til dæmis tónlist, lýsingu, myndatöku og klippingu.

Leikniviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í umræðu um kvikmyndir og færa rök fyrir máli sínu.
- koma þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti.

Hæfniviðmið

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina kvikmyndir og helstu undirþætti.
- skilgreina og átta sig á hvað felst í því að aðlaga skáldsögu að kvikmynd og átta sig á mismunandi tegundum aðlögunar.
- greina erindi kvikmyndarinnar við sinn samtíma.

Námsmat

Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði hvers og eins. Nemendur taka virkan þátt í mótun áfangans og fjölbreytt verkefnavinna verður í boði. Áfanginn er án lokaprófs en krefst virkrar þátttöku og samvinnu á önninni.